



# MÓSAMBÍK

## Mósambík

### *Útgefandi:*

Þróunarsamvinnustofnun Íslands,  
Pósthólf 5330, 125 Reykjavík  
©2001 Þróunarsamvinnustofnun Íslands

©2001 *Ljósmyndir*: Ágústa Gísladóttir, bls. 23, 25, 28;  
Elín R. Sigurðardóttir, bls. 9; Eyjólfur V. Valtýsson, bls. 35;  
Gunnar Salvarsson, bls. 24; Hjördis Guðbjörnsdóttir, bls. 3,  
4, 6, 11, 15, 19, 27, 29, 30, 32, 33; Jóhann Þorsteinsson,  
bls. 34; Margrét Einarsdóttir, bls. 20; Michener, I., forsiða,  
bls. 7, 17, 26; Pirozzi, G., bls. 10, 16, 18, 21, 22, 31;  
Valgerður Jónsdóttir, bls 5.

*Eftirtaldir lögðu til efni og upplýsingar og lásu yfir handrit.  
Eru þeim og öðrum sem að verkinu komu færðar bestu  
þakkir:*

Ágústa Gísladóttir  
Björn Dagbjartsson  
Elín R. Sigurðardóttir  
Geir Gunnlaugsson  
Sighvatur Björgvinsson  
Þórunn Sigurðardóttir  
Þórdís Sigurðardóttir

### *Höfundur:*

Jónína Einarsdóttir  
*Ritstjóri:*  
Margrét Einarsdóttir  
*Próförk:*  
Sigrún Þorgeirsdóttir

### *Hönnun og umbrot:*

Margrét Rósa Sigurðardóttir  
Filmuvinna og prentun: Prentmet

## Efnisyfirlit:

<b>Kort af Mósambík</b> .....	<b>2</b>
<b>Mósambík</b> .....	<b>3</b>
<b>Land og þjóð</b> .....	<b>4</b>
Land og þjóð í tölum .....	5
Íbúarnir .....	5
Mósambík til forna .....	7
Nýlendutíminn .....	8
Bókmenntir, tónlist og listir .....	13
Sjálfstæðisbaráttan .....	14
Íþróttir .....	14
Sjálfstætt Mósambík og borgarastyrjöld .....	15
Tölur um fjarskipti .....	16
Kosningar og lýðræðisþróun .....	18
Samskipti við grannríki og önnur ríki .....	20
<b>Efnahags- og félagsmál</b> .....	<b>22</b>
Efnahagsmál í tölum .....	22
Landbúnaður .....	24
Fiskveiðar .....	26
Orkuframleiðsla .....	26
Iðnaður .....	28
Fátækt .....	29
Tölur um heilbrigðismál .....	29
Óhefðbundnar lækningar .....	30
Menntun .....	31
Alnæmi .....	32
<b>Þróunarsamvinna</b> .....	<b>33</b>
ÞSSÍ í Mósambík .....	33
Íslendingar í Mósambík .....	35
<b>Helstu heimildir</b> .....	<b>36</b>





# Mósambík

Ímynd Mósambíks hefur löngum tengst stríði, fátækt og náttúruhamförum. Á annan áratug var landið nánast lokað útlendingum vegna borgarastyrjaldar. Strax eftir friðarsamningana 1992 hófst uppbygging og framþróun í landinu sem lokkaði til sín erlenda fjárfesta og undanfarin ár hefur efnahagur landsins einkennst af miklum hagvexti.

Þrátt fyrir náttúruauðæfi og uppbyggingu síðustu ára er Mósambík enn í tölu fátækustu ríkja heims og fjöldi íbúa landsins býr við örbirgð, sérstaklega til sveita.

Menning Mósambíks er einstaklega fjölbreytt. Þar gætir arabískra, indverskra og portúgalskra áhrifa. Til marks um það má nefna að maturinn er vel kryddaður, tónlistin seiðmögnuð og alltaf tími fyrir skemmtilegt spjall.

Með fram strandlengjunni, sem er ein sú lengsta í álfunni, teygja sig hvítar sandstrendur með slútandi pálmatrjám og í bakgrunni er turkíslitað Indlandshafið.

Fjölbreytileg menning, náttúra landsins og vingjarnlegt viðmót landsmanna heillar aðkomumanninn.



# Land og þjóð

Mósambík er lýðveldi með 250 manna löggjafarþing sem kosið er í almennum kosningum fimmta hvert ár. Forsetinn er þjóðhöfðingi landsins og jafnframt yfirmaður ríkisstjórnarinnar. Landið skiptist í ellefu stjórnunareiningar. Hvert hérað hefur eigin höfuðstað en skiptist enn frekar í sveitarfélög.

Mósambík er í suðausturlhuta Afríku, milli 11° og 27° suðurbreiddar og 30° og 40° austurlengdar. Landið er 799.390 km<sup>2</sup> að flatarmáli en þar af eru stöðuvötn um 13.000 km<sup>2</sup>. Mósambík liggur að Tansaníu í norðri, Malaví og Sambíu í norðvestri, Simbabve í vestri og Suður-Afríku og Svasílandi í suðri. Strandlengjan, sem er 2.400 km löng, liggur að Indlandshafinu og Mósambíksundinu milli meginlandsins og Madagaskar. Af nágrannalöndum Mósambíks eru þrjú, Malaví, Sambía og Simbabve, sem liggja ekki að sjó. Hafnir Mósambíks eru því mjög mikilvægar fyrir þessi lönd og einnig Suður-Afríku.

Í norður- og miðhémuðum Mósambíks er hitabeltisloftslag en í suðurhémuðunum er loftslagíð heittemprað. Þrátt fyrir breytileika í veðurfari eru tvær árstíðir einkennandi fyrir allt landið. Regntíminn, en þá er heitt, byrjar í október og honum lýkur í mars. Þurrkatíminn er kaldari og nær hann frá apríl til september. Árlegur meðalhiti landsins er á bilinu

22–26°C en breytileiki er nokkur milli árstíða og landshluta. Heitast er í norðurhluta landsins á regntímanum en þá nær hitinn að jafnaði allt að 45°C að degi til.

Ársúrkoma er háð landslagi en hún er að meðaltali á bilinu 800–1400 mm. Um þriðjungur landsins er fjalendi, að meðaltali um 1000 metra yfir sjávarmáli, en þar er mest úrkoma. Hásléttur, 400–600 metra yfir sjávarmáli, þekja annan þriðjung. Að öðru leyti er landið láglent en á því svæði er úrkoma minnst. Eru þar tvö þurrkatímabil árlega sem stundum dragast á langinn og hafa valdið hungursneyðum. Með fram strandlengjunni er hins vegar mikill raki allt árið.

Frjósömustu landsvæðin liggja með fram stærstu fljótunum en Zambesi-fljótið er stærst og sögufrægast þessara fljóta. Það á upptök sín í Sambíu en rennur fyrst í vestur til Angóla og svo aftur til Sambíu áður en það nær Mósambík þar sem það fellur í Indlandshafið. Í Zambesi-fljótinu eru tvö af stærstu, manngerðu uppstöðulónum heims. Það eru Karibalónið, sem liggur við landamæri Sambíu og Simbabves, og Cahora Bassa-lónið í Tete-héraðinu í Mósambík. Lónin þjóna bæði stórum vatnsaflsvirkjunum.

## Íbúarnir

Samkvæmt síðasta manntali frá árinu 1997 voru íbúar Mósambíks rúmlega 15,7 milljónir en áætlað er að þeir hafi verið 17,9 milljónir árið 1999. Að meðaltali eru um 23 íbúar/km<sup>2</sup> og er víða strjálbýlt.

Um aldaradur hafa íbúar landsins tilheyrt mismunandi þjóðernishópum og trúarbrögðum. Flestir tala mál sem tilheyra málaflokknum Bantu en það á við um yfirgnæfandi meirihluti þeirra þjóða sem búa í suðurhluta álfunnar.

Þegar Mósambík varð sjálfstætt ríki undan nýlendustjórn Portúgala var portúgalskan valin sem hið opinbera tungumál og fjórðungur þjóðarinnar talar portúgölsku þó að einungis innan við 2% hafi hana að móðurmáli.



## Land og þjóð

**Stærð:** 799.390 km<sup>2</sup>

**Mannfjöldi** (1999): 17,9 milljónir

**Fólksfjöldgun** (1999–2015): 1,7 % á ári

**Frjósemi** (1995–2000):

6,3 fæðingar/konu

**Meðalhiti** (breytilegur eftir héruðum):

sumar 27–31°C

vetur 18–21°C

**Höfuðborg:** Mapútó

**Gjaldmiðill:** metikal

**Tungumál:** Portúgalska er opinbert tungumál. Að auki eru mörg önnur mál töluð en 13 eru útbreiddust.

Makua-Lomwe-fólkið er fjölmennasti þjóðernishópur landsins (37%). Hann skiptist í tvo skylda hópa sem búa í norðurhluta Mósambíks. Tonga-fólkið, sem m.a. skiptist í Ronga og Shangan, er næstfjölmennast (23%) en það býr í suðurhluta Mósambíks og í nágrenni höfuðborgarinnar Mapútó. Tonga-fólkið hefur orðið fyrir mestum evrópskum áhrifum. Það er á meðal þeirra sem trúboðar hafa haft hvað mest áhrif. Á nýlendutímanum fór Tonga-fólkið gjarnan til Suður-Afríku í leit að vinnu og þá fyrst og fremst við námu-gröft. Í miðhluta Mósambíks býr fólk sem tilheyrir þjóðernishópnum Lavere Zambezi (11%). Shona-fólkið er það fólk sem mest ber á í miðhluta Mósambíks (9%), en það er skylt Shona-fólkinu í Simbabve sem er fjölmennasti þjóðernishópur þess lands.

Samfélagsgerð og trúarbrögð framantalinna þjóðernishópa eru breytileg. Það einkennir t.d. íbúa Norður-Mósambíks að þeir rekja gjarnan ætt sína í móðurlegg. Í suðurhluta landsins rekja menn ætt sína í föðurlegg. Á miðsvæðunum eru báðir síðirnir við lýði. Hafa ber þó í huga að venjulega eru ekki skörp skil milli þjóðernishópa í Mósambík. Giftingar milli þeirra hafa verið algengar gegnum aldirnar og tiltölulega lítið um erjur.

Auk fólks af Bantu-uppruna býr í Mósambík fólk frá Asíu, u.þ.b. 20 þúsund manns, og eru flestir innflytjendur frá Indlandi og Pakistan. Stór hluti Indverjanna kom frá Goa og Diu sem á nýlendutímanum tilheyrðu portúgalska heimsveldinu. Fólk frá Goa var gjarnan ráðið til starfa sem starfsmenn portúgalska nýlenduveldisins í Mósambík, ber portúgölsk nöfn og aðhyllist katólska trú. Diu-fólkið er hins vegar flest hindúar eða múslimar. Pakistanarnir eru múslimar en þeir komu til Mósambíks um miðja síðustu öld. Þeir hafa mikil umsvif í smávöruverslun. Evrópumenn, sem búa í Mósambík, eru flestir Portúgalar, u.þ.b. 20 þúsund manns, en allt að 200 þúsund Portúgalar flúðu frá Mósambík þegar landið fékk sjálfstæði.

Samkvæmt niðurstöðum síðustu mann-





talsskráningar aðhyllast um tveir fimmtu hlutar Mósambíka afrísk trúarbrögð. Tæplega fjórðungur landsmanna eru katólikkar en katólska kirkjan var mikilvæg stofnun innan valdakerfis nýlenduherranna. Tíundi hver íbúi er mótmælendatrúar eða tilheyrir öðrum kristnum kirkjusöfnuðum. Mótmælendur studdu gjarnan sjálfstæðisbaráttu Mósambíka og hafa þeir styrkt sig í sessi eftir sjálfstæðið. Tæplega fimmtungur íbúanna er múslimar en áhrif þeirra ná aftur til upphafs 9. aldar þegar arabískir kaupmenn settust að á norðurströnd landsins.

## *Mósambík til forna*

Lítið er vitað um forsögu þess landsvæðis sem í dag er nefnt Mósambík. Talið er að að fólksflutningar Bantu-fólksins frá Vestur-Afríku suður um álfuna hafi hafist við fæðingu Krists og að það hafi náð Mósambík u.þ.b. árið 200. Þá bjuggu á svæðinu hópar fólks sem nefndust Khoikhoi og San. Þeir voru hirðingjar og er talið að þeir hafi byggt stórt svæði í suðurhluta Afríku og jafnvel austurhluta álfunnar. Við komu Bantu-fólksins sameinuðust frumbyggjarnir þeim eða fluttu burt.

Bantu-fólkið þekkti til járnvinnslu og notaði axir. Það tók sér fasta búsetu og stundaði akuryrkju með verkfærum úr

málmi. Þjóðfélagsskipan þess einkenndist af stórfjölskyldum eða minni höfðingjadæmum þar til um árið 1000 en þá tóku að myndast stærri konungsríki eða keisaraveldi.

Á áttundu öld komu arabískir kaupmenn til Mósambíks og á níundu og tíundu öld juku þeir verulega umsvif sín. Þeir höfðu skipti á keramik, vefnaðarvöru, perlutalnahöndum, gleri, salti og málmvörum fyrir gull, pálmavín, horn nas-hyrninga og filabein. Arabarnir settust aðallega að á norður-strönd landsins og meðfram Zambesi-fljótinu. Þar uxu fram hafnarborgir undir afrískum og arabískum áhrifum sem urðu miðstöðvar verslunarinnar milli ríkjanna við Persaflóa, Suðaustur-Asíu og meginlands Afríku.

Á milli fljótanna Zambesi og Limpopo myndaðist konungsríki Shona-fólksins, Simbabve (u.þ.b. 1200–1400). Shona-menn voru frægir fyrir steinbyggingar sínar og bera rústir þeirra, sem liggja innan landamæra Simbabves, vitni um mikilfenglega byggingarlist þessa öfluga ríkis. Upp úr aldamótum 1500 myndaðist Monomotapa-veldið. Keisari þess, sem varð þekktur undir nafninu Munhumutapa, gerði misheppnaða tilraun til að sameina íbúa Zambesi-dalsins en syni hans tókst að ljúka verkinu. Þetta leiddi til þess að fjöldi minni höfðingjadæma leið undir lok og hluti íbúanna fluttist til annarra svæða Mósambíks. Um miðja nítjándu öldina voru nánast öll landsvæði Mósambíks sunnan Zambesi-fljóts undir stjórn Soshangana, keisara Gaza-veldisins.

## *Nýlendutíminn*

Portúgalinn Vasco da Gama kom til Mósambíks árið 1497. Það kom honum og löndum hans á óvart að finna þar þróuð samfélög sem stunduðu siglingar, þekktu sjóleiðina til Indlands og notuðu sjökort og áttavita sem voru engu síðri en þeirra eigin. Vasco da Gama hélt áfram ferð sinni til Indlands en sneri aftur til Portúgals árið 1499 eftir misheppnaða tilraun til að koma upp verslunarmiðstöð á Indlandi. Konungur Portúgals fékk síðan Vasco da Gama það verkefni að stofna nýlendur í Austur-Afríku. Hann sneri aftur til sunnanverðrar Afríku þremur árum síðar og var þá vel búinn skipum og vopnum. Vasco da Gama tókst með hernaðarlegum yfirburðum að ná yfirráðum á Mósambíkeyjunni, í Sofala-héraðinu,



og á eyjunum Zansibar og Kilwa. Portúgalar tóku fljótlega yfir stóran hluta arabísku verslunarinnar innan lands sem utan. Þeir héldu sig til að byrja með að mestu við ströndina en fóru í leiðangra upp með Zambesi-fljótinu til að nálgast gullnámur Monomatapa-ríkis sem þeir töldu vera hinar sögufrægu gullnámur Salómons konungs.

Portúgólum tókst smátt og smátt, með efnalegum tálbeitu og hervaldi, að leysa upp Monomatapa-veldið. Árið 1629 lét hinn þekkti Munhumutapa, keisari ríkisins, Portúgólum í té landsvæði sem þeir síðan leigðu út. Leigutakarnir voru m.a. portúgalskir landnemar, oft fyrrverandi hermenn, fátækir aðalsmenn og útlægir glæpamenn. Portúgalar settu þar með á laggirnar nokkurs konar lénsskipulag. Leigutökunum, sem urðu lénsherrar, bar að halda yferráðunum yfir landinu en til þess máttu þeir nota arðinn af landinu og vinnuafli íbúanna að vild. Kristnir Indverjar, sem komu frá nýlendu Portúgala í Goa, fengu seinna einnig að leigja land á þennan hátt. Portúgólsku lénsherrarnir giftust gjarnan afrískum konum og tóku upp siði þeirra, andstætt flestum öðrum Evrópumönnum sem fluttu til Afríku. Þannig urðu lénin að konungsdæmum sem var stjórnað af afkomendum

Portúgala, Indverja og Afríkumanna en héldu velli með hjálp hers sem samanstóð af þrælum. Lénin urðu þannig smám saman mjög sjálfstæð og með tímanum neituðu lénsherrarnir að borga leigu til portúgólsku krúnunnar.

Mósambík fór ekki varhluta af þrælasölu. Lénsherrarnir, sem höfðu réttindi til að taka þræla og selja þá, höfðu oft samvinnu við afríska höfðingja um starfsemina. Þrælarnir voru seldir portúgólskum, arabískum og indverskum kaupmönnum sem höfðu aðsetur við ströndina. Urðu þrælar aðalverslunarvaran í lok 18. aldar og náði þrælasalan hámarki á tímabilinu 1820–40 eftir að Bretar höfðu afnumið hana með lögum. Talið er að á níttjándu öldinni hafi u.þ.b. ein milljón manna verið hneppt í þrældóm í Mósambík. Þrælasalan leiddi til mikillar sundrunar og ákveðin landsvæði fóru í eyði þegar íbúarnir flýðu undan þrælakaupmönnum. Portúgalar afnámu þrælasöluna árið 1875 en hún hélt engu að síður áfram fram til ársins 1890.

Á Berlínarfundinum 1884–85, þar sem nýlenduveldi Evrópu skiptu Afríku á milli sín, fengu Portúgalar í sinn hlut landsvæði sem í dag eru Mósambík, Angóla, Gínea-Bissá, Grænhöfðaeyjar og eyjarnar Saó Tóme og Prinsípe. Lá mikið við að ná hernaðarlegum yfirræðum yfir svæðunum þar sem það var forsenda skiptingarinnar. Andstaðan gegn yfirræðum Portúgala var mismikil og það tók Portúgal nær 30 ár að ná völdum yfir öllu Mósambík.

Portúgalar, sem sjálfir voru ekki í stakk búnir til að nýta sér auðlindir nýlendunnar, brugðust við með því að selja breskum fyrirtækjum sérleyfi til að nýta ákveðin landsvæði. Náðu Portúgalar loks yfirræðum yfir Mósambík með þeim hætti en um 1915 voru síðustu uppreisnirnar barðar niður með hervaldi. Leigufyrirtækin byggðu





vegi og hafnir til að koma vörum sínum á markað. Að auki var lögð járnbraut frá Ródesíu, sem í dag heitir Simbabve, til hafnarborgarinnar Beira við Indlandshaf. Vinnuafli var fengið með nauðungarvinnu og íbúarnir voru neyddir til að borga skatta.

Um aldamótin 1900 fluttu Portúgalar höfuðborg nýlendu sinnar frá Mósambíkeyjunni í norðurhéraðinu Nampula suður á bóginn til hafnarborgarinnar Lourenço Marques. Borgin dró nafn sitt af portúgólskum sáfara sem kom þangað um miðja 16. öld. Á nýlendutímanum var borgin eftirsótt af ferðamönnum og fræg fyrir feegurð og fjölbreytt mannlíf. Eftir að landið fékk sjálfstæði var borgin nefnd Mapútó til heiðurs frelsisshetjunni Maputo sem gat sér gott orð í baráttunni gegn nýlenduherrunum.

Undanfari þess að Portúgalar fluttu höfuðborgina var að gull hafði fundist í Transvaal í Suður-Afríku en því fylgdu mikil efnahagsleg umsvif. Þá hófst bygging járnbrautar frá

Transvaal til Lourenço Marques en þar bjuggu þá um fimm þúsund manns. Portúgalar fengu m.a. tekjur af sölu einkaleyfis til að ráða vinnuafli í Suður-Mósambík til gullnámana í Transvaal. Talið er að um 1910 hafi allt að 100 000 Mósambíkar unnið í námum í Suður-Afríku.

Með tilkomu fasistastjórnar Antónios Salazars í Portúgal árið 1926 urðu breytingar á nýlendustefnu Portúgala og staða þeirra styrktist. Ætlunin var að byggja upp öflugan iðnað í Portúgal og skyldu nýlendurnar sjá honum fyrir hráefni. Öllum samningum við hin erlendu fyrirtæki var sagt upp. Stór svæði voru tekin undir bómullarræktun í norðurhluta Mósambíks og bændur voru settir í nauðungarvinnu. Hlutverk Mósambíks var að sjá móðurlandinu fyrir m.a. matvælum, málm og timbri. Mikilvægt hlutverk Portúgala var samtímis, eins og áður, að þjóna nýlenduherum nágrannaríkjanna og erlendum fyrirtækjum og sjá þeim fyrir ódýru vinnuafli og aðgangi að höfnum.

Þúsundir Portúgala fengu fjárhagslegan stuðning til að flytja frá heimalandi sínu til Mósambíks og voru margir hverjir landlausir, fátækir bændur sem voru ólæsir og óskrifandi. Eins og fyrr blönduðust Portúgalar mun meira íbúum nýlendna sinna en venja var meðal Evrópumanna. Með lögum frá árinu 1933, og sem staðfestingu á auknum tengslum landanna, varð Mósambík hluti af Portúgal með sameiginleg lög og miðstýrt efnahagskerfi.

Það er oft talið að stjórn Portúgala hafi einkennst af minni kynþáttafordómum en tíðkaðist meðal annarra nýlenduþjóða. Hafa ber þó í huga að til að teljast fullgildir ríkisborgarar í eigin landi urðu Mósambíkar að „siðvæðast“. Til þess að öðlast réttindi í samveldinu urðu Mósambíkar, og aðrir sem tilheyrðu nýlendum Portúgala, að læra portúgölsku, taka katólska trú, borða með hníf og gaffli, sofa í rúmi og ganga í skóm að hætti Evrópubúa. Aðeins þeir sem voru „siðvæddir“ höfðu rétt á að senda börn sín í skóla, stofna fyrirtæki og stunda verslun. Varð Portúgölum ekki sérlega vel ágeengt við siðvæðinguna en samkvæmt manntali 1955 voru 4500 af sex milljónum Mósambíka skráðir sem „siðvæddir“. Aðeins 7% af mósambísku þjóðinni var læs og skrifandi þegar Mósambík fékk sjálfstæði árið 1975 og einungis um fjórutíu Mósambíkar höfðu þá tekið háskólapróf.


## Bókmenntir, tónlist og listir

Munnlegar frásagnir hafa einkennt sagnahefð Mósambíks. Notkun ritmáls varð þó sífellt mikilvægari á síðustu öld og nokkrir rithöfundar og skáld stigu fram á ritvöllinn. Meðal mósambískra rithöfundar er ljóðskáldið José Craveirinha þekktastur. Fyrstu ljóð hans eru frá miðri síðustu öld og fjölluðu þau um líf hinna efnaminni, námuverkamanna og vændiskvenna. Frægasta verk hans er „Poem of the Future“. Marcelino dos Santos, einn af gömlu baráttumönnum Frelimo, er þekktur fyrir ljóð sin en í þeim lýsir hann lífinu á tímum frelsisbaráttunnar. Sergio Vieira og Jorge Rebelo eru einnig þekkt ljóðskáld.

Rithöfundurinn Mia Couto tilheyrir kynslóð þeirra sem komu fram á ritvöllinn eftir sjálfstæði. Þekktustu verk hans eru „Voices Made Night“ og „The Tale of the Two Who Returned from the Dead“. Aðrir þekktir höfundar sömu kynslóðar eru Ungulani B Ka Khossa, Lina Magaia, Heliodoro Baptista og Eduardo White.

Hefðbundin þjóðlagatónlist er mikils metin í Mósambík. Makonde-fólkið í norðri er þekkt fyrir að spila á blásturshljóðfæri sem nefnist lupembe. Chopi-fólkið, sem býr um stóran hluta suðurhluta Afríku, spilar hinsvegar á ásláttarhljóðfæri, sem kallast marimba sem líkist helst sílófóni. Eru hljómsveitir þeirra vel þekktar. Marrabenta er þó sennilega þekktasta mósambíska tónlistarhefðin. Dægurlagatónlist ymiss konar er vinsæl í borgum landsins.

Meðal geisladiska frá Mósambík eru „The Rough guide to the music“ og „Marrabenta Mozambique“. Á þessum diskum spila eldri marrabenta-tónlistar-



menn með fulltrúum hinnar nýju kynslóðar marrabenta-hreyfingarinnar þekkt lög. Geisladiskurinn „Mabulu Karimbo“ var hljóðritaður á meðan á flóðunum stóð árið 2000. Á honum spila saman Lisboa Matavel, sem varð þekktur marrabenta-tónlistarmaður upp úr 1960, og Chiquito sem er fulltrúi yngri kynslóðar rappara. Tónlistin einkennist af gömlum hefðum og nýjum straumum í mósambísku hljómlistarlífi.

Í Mósambík eru ríkjandi gamlar hefðir við mótun skúlptúra. Sérstaklega eru skúlptúrar Makonde-fólksins í norðri þekktir.

Einn þekktasti listamaður Mósambíks var myndhöggvarinn og listamaðurinn Alberto Chissano. Hann komst í kynni við myndlistina þegar hann vann við ræstingar hjá listasamtökum. Þetta umhverfi varð honum hvatning til að

reyna fyrir sér sjálfur. Hann hóf að höggva út í tré og hélt sína fyrstu einkasýningu árið 1964. Flest verka hans eru úr tré en hann hefur einnig fengist við stein og járn. Chissano lést árið 1994.

Síðan um 1950 hafa nokkrir málara og myndlistarmenn getið sér gott orð fyrir verk sín. Þekktastur þeirra er Malangatana Valente Ngweya en hann hefur haldið sýningar víða erlendis, m.a. á Íslandi.

Malangatana er sjálfmenntaður eins og félagar hans af sömu kynslóð. Hann ólst upp í sveit við afrískar hefðir en kynntist einnig vestrænni menningu eins og hún endurspegladist í trúboðsskólum. Í fyrstu gætti nokkuð vestrænna áhrifa í myndlist Malangatana en smátt og smátt skapaði hann eigið myndmál sem einkennist af afrískum hefðum þar sem forn menning og goðsagnir ráða ríkjum.

## Sjálfstæðisbaráttan

Sjálfstæðishreyfingar Mósambíks voru stofnaðar í nágrannalöndunum, Ródesíu (núverandi Simbabwe), Tansaníu og Nyasalandi (núverandi Malaví) á árunum 1960 og 1961. Þegar Tansanía hlaut sjálfstæði fluttu þessar hreyfingar þangað og sameinuðust þar árið 1962 undir nafninu Frelimo. Fyrsti leiðtogi Frelimo var Eduardo Mondlane. Hann hafði doktorspróf í félagsfræðum frá Bandaríkjunum og hafði unnið fyrir Sameinuðu þjóðirnar. Samora Machel, sem seinna varð fyrsti forseti Mósambíks, tók við sem leiðtogi Frelimo þegar Mondlane lést árið 1969 af völdum sprengju sem falin hafði verið í bók.

Mikil óeining ríkti innan Frelimo á þessum tíma. Deilt var um almenna stefnu samtakanna og hvort rétt væri að grípa til vopna í baráttunni gegn nýlenduherrunum. Margir yfirgáfu samtökin eða voru reknir og nýjar hreyfingar voru stofnaðar. Frelimo tók upp harðlínustefnu marxisma og var niðurstaðan sú að eina leiðin til sjálfstæðis Mósambíks væri vopnuð barátta. Augljóst þótti að Portúgal myndi ekki gefa nýlendum sínum sjálfstæði af fúsum og frjálsum vilja eins og önnur nýlenduveldi höfðu gert, en þó voru Ródesía og Namibía þar undantekning. Fyrsta skotinu í baráttunni gegn Portúgölum var hleypt af 25. september árið 1964. Í anda kalda stríðsins naut NATO-landið Portúgal stuðnings Atlandshafsbandalagsins en mikið lá við þar sem frelsishreyfingar í Angóla, Gíneu-Bissá og Grænhöfðaeyjum börðust einnig fyrir sjálfstæði sínu. Aftur á móti fékk Mósambík, ásamt Angóla og Gíneu-Bissá, aðstoð frá Sovétríkjunum, öðrum austantjaldslöndum og Kúbu.

Eftir rúmlega 10 ára vopnaða baráttu hlaut Mósambík sjálfstæði án þess þó að hafa unnið stríðið. Frelisstríðið hafði þá aðeins náð til um eins þriðja hluta landsins þar sem um



## Íþróttir

Frægastur mósambískra íþróttamanna er sennilega Eusebio en hann spilaði með portúgalska fótboltiáliðinu Benfica eftir miðja síðustu öld. Eusebio var einn þeirra sem var tilnefndur sem knattspyrnumaður 20. aldarinnar. Árið 1968 kom ævisaga hans út á íslensku hjá Almenna bókafélaginu og nefnist bókina Svarti pardusinn. María de Lurdes Motola, sem vann 800 m hlaup kvenna á Ólympíuleikunum í Sydney árið 2000 og aftur á heimsmeistarámótinu í Edmonton í Kanada sumarið 2001, er þekktust þeirra Mósambíka sem stunda íþróttir í dag.

10% íbúanna bjuggu. Herbyltingin í Portúgal í apríl 1974, en þá var Salazar einræðisherra steypt af stóli, leiddi til þess að Portúgalar lögðu árar í bát. Þegar Mósambík fékk sjálfstæði 25. júní 1975 varð Samora Machel fyrsti forseti Mósambíska lýðveldisins en Joaquim Chissano, núverandi forseti, var skipaður utanríkisráðherra. Þar með tók sjálfstæðishreyfingin Frelimo við stjórnartaumum landsins. Meiri hluti þeirra 200 þúsund Portúgala, sem höfðu búsetu í landinu, flúði. Flótti þeirra leiddi til mikils skorts á vel menntuðu fólki auk þess sem margir þeirra sem flúðu unnu skemmdarverk með skipulögðum hætti. Húsdýr voru drepin og farartæki, verksmíðjur og landbúnaðarvélar eyðilagðar.



## *Sjálfstætt Mósambík og borgarastyrjöld*

Fljótlega eftir sjálfstæðið braust út borgarastríð í Mósambík og var stríðið samtvinnað atburðum sem áttu sér stað í nágrennanalöndunum. Þegar árið 1976 hófu samtök, sem kölluðust Frjáls Afrika, árásir inn í norðurhluta landsins frá Malaví. Einræðisherra Malavís, Hasting Banda, studdi Portúgala í frelsisstríðinu og síðan uppreisnarmenn gegn Frelimo í borgarastríðinu. Talið er að báðir aðilar hafi lofað honum hluta af Norður-Mósambík að launum ef sigur ynnist en það hefði gefið Malaví aðgang að sjó.

Árið eftir að landið fékk sjálfstæði fylgdi Mósambík áskorun Sameinuðu þjóðanna um að einangra minnihlutastjórn Ródesíu undir stjórn Ians Smiths. Stjórn landsins lokaði landleiðum Ródesíu til Indlandshafs. Samtímis fékk frelsishreyfingin ZANU, sem barðist fyrir sjálfstæði Ródesíu, leyfi til að koma upp bækistöðvum í Mósambík. Stjórn Ródesíu svaraði með árás á Mósambík og stuðningi

við stofnun andspyrnuhreyfingar gegn stjórn Frelimo. Árið 1977 hóf andspyrnuhreyfingin NMR (The Mozambique National Resistance Movement), sem seinna nefndist Renamo, árásir á Mósambík frá Ródesíu. Samtökin nutu einnig stuðnings fjölda Portúgala sem höfðu flúið til Suður-Afríku og Simbabves þegar Mósambík fékk sjálfstæði.

Staða Renamo breyttist með Lancaster House-samningnum

svokallaða árið 1980 og stofnun hins nýfrjálsa Simbabves. Stjórn Simbabves gerði samning við Mósambík um að verja verslunarleiðir sínar til Indlandshafs og að berjja niður Renamo. Leiddi það til þess að Renamo flutti bækistöðvar sínar og var nú undir verndarvæng hers Suður-Afríku. Stjórn Suður-Afríku hafði fullan hug á að berjast gegn Mósambík en frelsishreyfing Suður-Afríku (African National Congress (ANC)) hafði þar bækistöðvar. Upp úr 1981 juku Renamo og her Suður-Afríku verulega hernaðarleg umsvif sín í Mósambík og réðust skipulega á mikilvægar framleiðslueiningar, ríkistofnanir, skóla, sjúkrahús og bækistöðvar ANC í Mósambík. Ári seinna tókst Renamo að loka verslunarleið Simbabves og Malavís til hafnarinnar í Beira sem leiddi til þess að Simbabve sendi þangað 1000 manna herlið. Miklir þurrkar á árunum 1982–1984 í suður- og miðhéraðum Mósambíks bættu ekki ástandið og fólk flúði heimili sín þúsundum saman. Mósambíkar, sem voru sárt þjáðir af hungursneyð og undir þrýstingi frá stjórn Bandaríkjanna, undirrituðu friðarsáttmála við Suður-Afríku árið 1984. Sáttmáli þessi, sem nefndist Nkomati-sáttmálinn, skuldbatt hvort landið um sig til



## Tölur um fjarskipti

	Mósambík	Ísland
<i>Símalínur</i> (á 1.000 íbúa 1996)	4,0	677,0
<i>Tölvueign</i> (á 1.000 íbúa 1996)	2,6	358,8

### Lífsgæði samkvæmt HDI

(Human Development Index)

Ísland:	7. sæti af 162
Mósambík:	157. sæti af 162

Þess að ráðast ekki á hitt. Efnahagsmál Mósambíks voru einnig í miklum ólestri. Stjórn Mósambíks sótti um aðild að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (IMF) og Alþjóðabankanum (WB) sama ár og undirritaði samning um lán með ákveðnum skilyrðum. Skilyrðin voru að fram færi endurskipulagning á fjármálum ríkisins (structural adjustment).

Með Nkomati-sáttmálanum missti Renamo opinberan stuðning Suður-Afríku en naut þó enn hjálpar ákveðinna aðila innan hers og stjórnar landsins. Talið er að þessir aðilar beri ábyrgð á dularfullu flugslysi árið 1986 í Suður-Afríku en í því fórst Samora Machel, fyrsti forseti Mósambíks.

Þá gaf Banda, einræðisherra Malavís, Renamo leyfi til að hafa bækistöðvar í landinu fram til ársins 1987. Keníamenn veittu Renamo stuðning með því að gefa meðlimum samtakanna vegabréf. Íhaldsöfl í Bandaríkjunum, Vestur-Þýskalandi og Portúgal studdu einnig Renamo. Bretar veittu aftur á móti mósambískum stjórnvöldum stuðning með því að þjálfa her þeirra í Simbabve. Simbabvar og Tansanar sendu hersveitir sínar til Mósambíks til að berjast gegn Renamo. Frelimo naut einnig, eins og í frelsisstríðinu, hernaðarlegs stuðnings Sovétríkjanna.

Svar Renamo við Nkomati-sáttmálanum var að koma sér upp bækistöðvum innan landamæra Mósambíks. Byrjuðu samtökin að fara ránsferðir og beita ofbeldi gegn almennum borgurum í auknum mæli. Renamo framdi m.a. fjöldamorð í héruðunum Inhambane og Gaza. Skýrsla, sem gefin var út árið 1988 á vegum Bandaríkjastjórnar, taldi að Renamo hefði á samviskunni líf um 100 þúsund manna. Árið áður var Mósambík fátækasta land heims samkvæmt skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna. Þá hafði meira en helmingur fólks til sveita flúið til nágrannalandanna eða til borganna þar sem íbúarnir lifðu á innfluttum matvælum sem voru fjármögnuð með þróunaraðstoð.

Árið 1984 hófst barátta fyrir friði sem reyndist langsótt. Bæði Renamo og stjórn Mósambíks misstu smátt og smátt utanaðkomandi stuðning og voru undir miklum þrýstingi um að semja frið. Tansaníumenn kölluðu t.d. heim stærstan hluta hers sín í lok árs 1988 og þegar K.W. de Klerk komst til valda sem forseti Suður-Afríku í ágúst árið 1989 dróst stuðningur hers Suður-Afríku við Renamo saman. Renamo-



menn höfðu á sínum fyrsta flokksfundi í júní sama ár hafið undirbúning þess að breyta samtökunum úr uppreisnarsamtökum í stjórnmalaflokk. Á fimmta flokksráðsfundi Frelimo mánuði seinna féll flokkurinn frá miðstýrðri, sósíalískri stefnu og lagði fram tillögur að friðarsamningi. Það var þó ekki fyrr en árið 1992, eftir langa og stormasama samninga sem margir aðilar tóku þátt í, að Frelimo og Renamo sömdu um frið. Friðarsamningurinn var mikilvægt skref í áttina að auknum stöðugleika og lýðræðisþróun landsins.

## *Kosningar og lýðræðisþróun*

Árið 1994 voru fyrstu lýðræðislegu kosningarnar í Mósambík haldnar undir eftirliti Sameinuðu þjóðanna. Frelimo vann þingkosningarnar og leiðtogi þeirra, Joaquim Chissano, forsetakosningarnar. Niðurstaða annarra kosninganna árið 1999 var hin sama. Það vakti þó nokkra athygli að Renamo naut verulegs stuðnings kjósenda í bæði þing- og forsetakosningunum. Afonso Dhlakama, leiðtogi Renamo, fékk 47,7% atkvæða til forsetakjörs í kosningunum 1999 og Renamo fékk 117 af 250 þingsætum þingsins. Helstu breytingarnar frá fyrstu kosningunum voru að Frelimo fékk heldur meiri stuðning norðanlands en árið 1994 og Renamo, sem hafði nánast engan stuðning í suðurhlutanum 1994, fékk heldur fleiri atkvæði þar. Í fyrstu hafnaði Renamo niðurstöðum kosninganna 1999 en eftir að hæstiréttur landsins neitaði að taka upp kærur þeirra samþykkti Renamo niðurstöðu þeirra með semingi.

Lýðræðislegar kosningar í Mósambík eru ýmsum vandkvæðum bundnar. Kosningarbaráttan fer að mestu fram á portúgölsku en hana tala aðeins um fjórðungur landsmanna. Auk þess ná fjölmiðlar ekki til allra landshluta. Mósambíska útvarpið, sem er stærsti fjölmiðillinn og sendir út efni á málum ýmissa þjóðernishópa auk





portúgölskunnar, nær aðeins til helmings allra landsmanna. Það hefur verið dregið í efa að kjósendur hafi vitað í raun og veru hvað um var að vera. Þá er talið hugsanlegt að margir af íbúum sveitanna hafi kosið þann flokk sem þeim var sagt að kjósa, t.d. af höfðingja viðkomandi samfélags eða eldri ráðgjöfum. Því hefur einnig verið haldið fram að niðurstöður kosninganna hafi einkennst meira af andstöðu við Frelimo en stuðningi við Renamo. Því hafi atkvæði greitt Renamo verið túlkað sem besta leiðin til að mótmæla Frelimo.

Renamo fékk meiri stuðning til sveita en í borgum. Höfðingjavelðin eiga mest ítök til sveita en þau voru afmáð með lögum þegar landið öðlaðist sjálfstæði. Eftir sjálfstæði ásakaði Frelimo þessa aðila gjarnan um hindurviti og afturhalds stefnu og líkti höfðingjadæmunum við lénsskipulag. Frelimo hefur einnig afneitað hinum mikla breytileika sem einkennir íbúa landsins að því er varðar samfélagsgerð og trúarbrögð. Í staðinn lagði Frelimo áherslu á að reynt yrði að efla þjóðerniskennnd með allri þjóðinni þannig að þjóðernishópar og trúarbrögð myndu ekki valda sundrunu. Því hefur verið lagt mikið kapp á að styrkja stöðu portúgölskunnar á kostnað tungumála hinna mörgu þjóðernishópa.

Hin ósveigjanlega andstaða Frelimo gegn trúarbrögðum almennt, sérstaklega fyrsta áratuginn við stjórnartaumana, er talin hafa aukið á óvinsældir þeirra.

Sambúð Frelimo og Renamo hefur verið erfið og alvarlegir árekstrar orðið þar sem fólk hefur látið lífið. Frelimo og Renamo greinir m.a. á um stjórnsýslu landsins, sérstaklega tilnefningu á sýslumönnum í þeim héruðum þar sem Renamo hefur hreinan meirihluta. Renamo hefur gagnrýnt Frelimo fyrir að sniðganga liðsmenn sína við stöðuveitingar í ríkisgeiranum en Frelimo ber við skorti á hæfu fólki innan raða Renamo. Hjá Frelimo greinir menn á um hversu langt skuli gengið í samvinnu við Renamo en samtökin eru í hugum margra fyrst og fremst afurð kalda stríðsins og fyrri aðskilnaðarstefnu grannríkjanna.

Í desember árið 2000 voru stofnuð ný samtök í Mósambík sem nefnast Samtök um lýðræði og frið (portúgölsk skammstöfun Ipade) en leiðtogi þeirra er Raul Domingos. Hann var áður þingmaður Renamo en hafði verið rekinn úr flokknum. Það er talið líklegt að þessi samtök muni þróast í nýjan stjórnmalaflokk sem gæti dregið til sín fylgi þeirra sem treysta ekki Renamo vegna framkomu þeirra í borgarastriðinu en ásaka Frelimo um spillingu og skort á lýðræðislegum vinnubrögðum.



## *Samskipti við grannríki og önnur ríki*

Samskipti við nágrannalöndin hafa verið breytingum háð síðan Mósambík hlaut sjálfstæði. Landið hefur ávallt átt vinsamleg samskipti við Tansaníu og Simbabve. Með nýjum valdhöfum í Malaví árið 1994 breyttust samskipti landanna til hins betra. Sama er að segja um Suður-Afríku eftir að Nelson Mandela var kosinn forseti landsins sama ár.

Þegar Mósambík hlaut sjálfstæði gaf utanríkisráðherra landsins út þá tilkynningu að landið væri tilbúið að hafa samstarf við allar þjóðir heims, jafnvel þær sem höfðu ekki stutt sjálfstæðisbaráttuna gegn Portúgölum. Stuðningur NATO við Portúgal í stríðinu var þó enn í fersku minni. Á



Vesturlöndum voru einu ríkin, sem tóku strax áskorun Mósambíks um þróunarsamstarf, Holland og flest Norðurlandanna og fékk landið verulega þróunaraðstoð frá þeim. Samstarf Mósambíks og Sovétríkjanna var einnig mjög umfangsmikið fyrstu árin eftir að Mósambík fékk sjálfstæði. Þegar Ródesía sagði Mósambík stríð á hendur varaði Samora Machel, þáverandi forseti Mósambíks, við því að ef Vesturveldin styddu ekki Mósambík yrði landið hernaðarlega háð Sovétríkjunum, Kúbu og öðrum sósíalískum ríkjum. Bretland varð síðan fyrsta stóra NATO-landið sem tók Mósambík í sátt og Mósambík varð fyrst allra landa, sem ekki höfðu verið hluti af nýlenduveldi Breta, til að ganga í Sambandsveldið (Common Wealth) árið 1995, en það olli lítilli hrifningu hjá fyrri nýlenduherrum Mósambíks, Portúgólum. Portúgalar hafa þó enn mikil áhrif í landinu, menningarlega og fjárhagslega, þó að þeir tilheyri ekki þeim tíu löndum sem veita Mósambík mesta þróunaraðstoð.

Auk aðildar að Sameinuðu þjóðunum og Þróunarbandalagi ríkja í sunnanverðri Afríku (SADC) er Mósambík aðili að fjölda annarra fjölþjóðlegra stofnana og samtaka.

# Efnahags- og félagsmál

Efnahagskerfi, framleiðsla og samgöngur Mósambíks urðu illa úti í frelsisstríðinu (1964–1975) og enn frekar í borgarastriðinu sem tók við upp úr 1980 og lauk árið 1992. Þjóðar-tekjur lækkuðu úr því að vera hundrað þrjátíu og þrjár doll- arar á hvern íbúa árið 1981 í níutíu dollara á íbúa árið 1993. Helmingur allra skóla í sveitum landsins eyðilagðist eða þeir urðu að leggja niður starfsemi sína vegna átakanna.

Aðgangur að heilsugæslu minnkaði um þriðjung. Vegir, brýr, járnbrautir, sykur- verksmiðjur, verslanir o.fl. eyðilögðust.

Á árinu 1987 settu mósambísk stjórn- völd í gang áætlun um að endurskipu- leggja allt efnahagskerfið. Gengi gjaldmið- ils þeirra skyldi ákvarðast af markaðs- verði, sem og vextir og verðlag. Samtímis voru út- og innflutningshöft afnumin, inn- flutningsskattar lækkaðir og einfaldaðir og sala útflutningsafurða var einkavædd. Áform Mósambíks um einkavæðingu voru ein af þeim umfangsmestu í Afríku. Yfir

---

## Efnahagsmál

---

### MÓSAMBÍK

*Landsframleiðsla á mann\*:*  
861 dollarar (1999).

*Hagvöxtur:* 10% (meðaltal tímabilsins 1996–1999) og 3,8% (2000).

*Aðalatvinnuvegir:* Landbúnaður, þjónusta og fiskveiðar.

Mikilvægustu útflutningsvörur: ál, rækjur, kasúhnetur, bómull, sykur, copra, kókoskjarnar, sitrusávestir, timbur.

### *Helstu viðskiptalönd:*

Spánn, Suður-Afríka, Portúgal, Bandaríkin, Japan, Malaví, Indland, Símbabve, Sádi-Arabía.

### ÍSLAND

*Landsframleiðsla á mann\*:*  
27835 dollarar (1999).

*Aðalatvinnuvegir:* þjónusta og verslun.

Mikilvægustu útflutnings- vörur: sjávarafurðir.

### *Helstu viðskiptalönd:*

Evrópska efnahagssvæð- ið, Bandaríkin og Japan.

\* GDP (PPP)

---



900 ríkisrekin fyrirtæki eða stofnanir voru endurskipulögð eða einkavædd, þar á meðal allir bankar landsins og fjöldi verksmiðja. Fjölbreytni í útflutningi hefur aukist, m.a. álframleiðsla, og landið hefur lætt að sér umtalsverðan fjölda erlendra fjárfesta. Verðbólgan lækkaði úr 70% árið 1994 í 2% árið 1999. Gengi gjaldmiðils Mósambíks, metikal, hef-



ur verið stöðugt en gengi þess er háð framboði og eftirspurn. Í Mósambík hefur verulega verið dregið úr útgjöldum til hermála eftir að friðarsamningurinn var undirritaður.

Eftir að friður komst á í Mósambík árið 1992 hefur erlent fjármagn streymt inn í landið sem þróunaraðstoð og frá erlendum fyrirtækjum. Samfara því hefur efnahagur landsins einkennst af miklum hagvexti eða rúmlega 10% að meðaltali á tímabilinu 1996–1999 sem er meðal þess hæsta sem gerist í löndum heims. Stærsti hluti aukinnar framleiðni hefur verið í iðnaði. Vegna mikilla flóða í kjölfar tveggja fellibylja og óvenju mikilla rigninga varð hagvöxtur nokkru minni árið 2000 eða 3,8% en áætlað er að hagvöxtur verði um 7% á árunum 2001–2002. Verðbólga jókst einnig vegna flóðanna og var 12% árið 2000 sem er það hæsta síðan 1996.

Flóðin, sem gengu yfir í febrúar og mars árið 2000, ollu miklum efnahagslegum skaða og manntjóni. Talið er að um 700 manns hafi látist og tæplega hálf milljón manns varð að flýja heimili sín. Áætlað er að enduruppbygging vegna flóðanna muni kosta um 4330 milljónir dollara.

Í júní 1999 var tekin sú ákvörðun hjá Alþjóðabankanum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, í samvinnu við aðra skuldunauta Mósambíks, að veita landinu skuldaaflausn sem lækkaði skuldabyrði landsins verulega.



## *Landbúnaður*

Mósambík er, eins og flest lönd Afríku, fyrst og fremst landbúnaðarland. Þar er ekki skortur á landrými. Tveir fimmtu hlutar Mósambíks eru taldir vera ræktanlegir en aðeins 8% landsins eru ræktuð. Um það bil helmingur landsins er þakinn skógi. Hinn helmingurinn er savannalandsvæði þar sem nautgriparækt er stunduð og hefðbundin akuryrkja með sviðjurækt, þ.e. skógurinn er höggvinn niður og brenndur. Allt land í Mósambík er í eigu ríkisins.

Rekstrarform landbúnaðar í Mósambík hefur í gegnum tíðina einkum verið þrenns konar: stórar plantekrur, milli-stórir portúgalskir búgarðar og fjölskyldubú. Áður en landið fékk sjálfstæði ræktuðu fjölskyldubúin um það bil 90% af öllu ræktuðu landi og um 80% af framleiðslunni kom frá þeim. Þegar landið hlaut sjálfstæði voru landbúnaðarafurðir um 80% útflutningsverðmæta Mósambíks. Landbúnaður er enn mikilvægur atvinnuvegur sem gefur af sér allt að þriðjung þjóðartekna og um 80% íbúanna hafa af honum lífi-braud.

Friður síðastliðinna ára og mikil úrkoma, þó of mikil á

köflum, hafa styrkt landbúnaðarframleiðsluna verulega. Margir þeirra sem flúðu innanlandsátökin hafa snúið heim og byrjað að yrkja jörðina á ný. Á árunum 1996 og 1997 var jafnvel fluttur út maís, aðallega til Malavís. Aukna framleiðslu landbúnaðarafurða er þó ekki hægt að rekja til aukinnar framleiðni, heldur er ástæðan sú að nú er stærri hluti landsins í ræktun en áður. Algengasta verkfærið er enn hakinn, oft í höndum kvenna sem samtímis bera yngsta barn sitt á bakinu. Konur vinna að jafnaði 14–16 klukkustundir á dag. Þar af fara fjórar klukkustundir í vinnu á ökrum en annar tími dagsins fer í að sækja vatn og eldivið, laga mat, þvo og gera hreint. Bændur eiga oft erfitt með að koma vörum sínum á markað þar sem einangrun getur verið mikil og vegir illfærir. Kaupmenn koma sjaldan til afskekktustu svæðanna til að kaupa umframframleiðslu bænda, ekki einu sinni fyrir opinbert lágmarksverð. Þeir sem búa við landamærin fara því gjarnan með umframframleiðslu sína á markað í nágrennalöndunum, Tansaníu og Malaví.

Borgarastriðið leiddi til verulegrar röskunar á ræktun á kasúhnetum, te, sykri, bómull og kókoskjörnum sem eru mikilvægar útflutningsvörur. Eftir að friður komst á hefur framleiðsla þessara afurða aukist ár frá ári. Kasúhnetuiðnaðurinn hefur þó orðið fyrir miklum áföllum. Kasúhnetur voru áður um 40% af útflutningsverðmætum landsins. Í lok árs 1995 krafðist Alþjóða-bankinn þess, sem skilyrði fyrir lánveitingu, að aukaskattur á óunnar kasúhnetur til útflutnings yrði lækkaður. Eftir það gátu innlendar kasúhnetuverksmiðjur ekki keppt við kaupmenn sem seldu óunnar kasúhnetur til Indlands. Þremur árum seinna hafði 10 af 15 stærstu kasúhnetuverksmiðjum landsins verið lokað vegna skorts á hnetum til vinnslu.





Um það bil helmingur landsvæðis Mósambíks er þakið skógi. Stærsti hluti skóglendisins er í mið- og norðurhluta landsins. Nokkur eyðing skóga á sér stað vegna notkunar á víði til eldsneytis en efnahagsaðgerðir í landinu hafa leitt til hækkaðs verðlags á innfluttu eldsneyti. Skógarnir hafa ekki verið nýttir sem skyldi og mætti verulega auka arð af þeim.

## *Fiskveiðar*

Fiskimið í sjó og vötnum Mósambíks eru að hluta til vannýtt. Fiskveiðarnar einkennast annars vegar af veiðum tæknivæðra frystitogara og hins vegar af veiðum einfaldra smábáta sem notaðir eru við ströndina. Fiskafurðir eru um 10% af landsframleiðslu og vinna um 100 þúsund manns við vinnslu fiskafurða. Rækja er aðalútflutningsafurðin en tekjur af sölu hennar

hafa numið allt að þriðjungji af útflutningstekjum. Hagnaðurinn takmarkast þó af því að rækjutogararnir eru oft í eigu útlendinga eða sigla undir mósambískum fána þó að þeir séu að hluta í eigu erlendra fyrirtækja. Nýlega var ákveðið að hluti erlendu rækjutogaranna fengi ekki framlengingu á veiðileyfum, að hluta til vegna ótta við ofveiði en líka vegna þeirrar stefnu stjórnvalda að gefa mósambískum fyrirtækjum tækifæri til að styrkja stöðu sína.

## *Orkuframleiðsla*

Í Tete-héraði sem liggur í norðurhluta Mósambíks eru verulegar kolanámur sem eru aðeins nýttar að hluta til. Sama er að segja um gas sem er að finna í Inhambane-héraðinu í suðurhlutanum. Það er einnig talið líklegt að olíu sé að finna undir bökkum Limpopo-árinna, Zambesi-fljótsins og Rovumas-fljótsins. Þá eru miklir möguleikar til framleiðslu rafmagns með vatnsafla.

Vatnsvirkjunin í Cahora Bassa í Tete-héraðinu var fimmta stærsta vatnsveituver heims þegar byggingu hennar lauk árið 1974. Framleiðslugeta hennar var tíu sinnum meiri en áæt-

uð þörf á innanlandsmarkaði. Ætlunin var að flytja út rafmagn til Suður-Afríku en ekkert varð úr því vegna skemmda á rafleiðslum í borgarastríðinu. Rafveitan, sem er að 80% í eigu Portúgala, hefur þó séð norðurhluta Mósambíks fyrir rafmagni. Áætluð framleiðslugeta, þegar virkjunin yrði fullfrágengin, var um 4000 MW sem er fjórföld framleiðslugeta allra vatnsaflsstöðva á Íslandi. Við núverandi aðstæður getur Cahora Bassa framleitt 2500–2800 MW. Síðan friður komst á hafa rafleiðslurnar til Suður-Afríku verið endurbættar og útflutningur rafmagns hafist. Um þriðjungur rafmagnsorku Simbabves kemur frá Cahora Bassa. Áform eru um að byggja annað orkuver við Zambesi-fljótið, rétt neðan við Cahora Bassa.





## Iðnaður

Iðnaður í Mósambík var mjög lítill þegar landið fékk sjálfstæði en þó var landið eitt af iðnvæddustu ríkjum Afríku á þeim tíma. Árið 1996 var iðnaðarframleiðslan hins vegar aðeins um þriðjungur þess sem hún var 1975 en þá flúðu margir portúgalskir iðnrekendur úr landi. Margir þeirra eyðilögðu verksmiðjurnar og þekkingu skorti til að reka þær áfram sem stóðu uppi. Iðnaðurinn varð þá að mestu ríkisrekinn. Nokkur hjálp kom frá Sovétríkjunum og Austur-Evrópu en við fall Berlínarmúrsins missti Mósambík markað þar fyrir iðnað sinn. Iðnaðurinn krafðist mikils innflutnings og hafði notið verndar fyrir erlendri samkeppni. Með nýrri efnahagsstefnu er iðnaður landsins að mestu einkavæddur en hefur þó ekki staðist erlenda samkeppni og má búast við enn frekari erfiðleikum.

Álverið Mozal tók til starfa árið 2000 og mun það ná hámarksframleiðslu árið 2001. Ál mun þá leysa landbúnaðar- og sjávarafurðir af hólmi sem aðalútflutningsvara landsins. Fjármögnun hefur fengist fyrir enn frekari stækkun álversins. Í Mósambík eru heimsins stærstu námur með hinum sjaldgæfa tantalmálm sem notaður er til að herða stál og er mikil eftirspurn eftir honum í rafeindaíðnaði en vinnsla hans

er þó ekki mikil í dag. Þá er að finna í landinu gull, járn, baxít, sink, tin, mangan, asbest, úran, grafit, marmara og eðalsteina en vinnsla þessara efna er enn á frumstigi. Námu-  
iðnaður hefur þó aukist verulega, aðallega vinnsla marmara, baxíts og grafits.

Mósambík ræður yfir mörgum ónýttum náttúruauðlindum, auk möguleika til aukinnar landbúnaðarframleiðslu, skógarvinnslu og fiskveiða, orkuframleiðslu og þróunar í ferðamannaþjónustu. Landið er landfræðilega mikilvægt fyrir nágrennalöndin sem eiga ekki aðgang að sjó og nú er unnið að því að endurbæta flutningaleiðir og hafnir.

## Fátækt

Þrátt fyrir náttúruauðlindir og mikinn hagvöxt síðastliðinn áratug er fátækt mikil í Mósamík. Mósamík var sjöunda fátækasta land heims árið 2001 samkvæmt útreikningum Þróunarsjóðs Sameinuðu þjóðanna.

Könnun, sem var gerð til að meta umfang fátæktar í Mósamík, sýndi að allt að tveir þriðju hlutar þjóðarinnar lifðu undir fátæktarmörkum á árunum 1996–1997, sem þýðir að viðkomandi lifi á minna en einum dollara á dag eða sem samsvarar u.þ.b. eitt hundrað íslenskum krónum. Reyndar hafði helmingur fátækra ekki einu sinni hálfan dollara á dag

## Tölur um heilbrigðismál

	MÓSAMBÍK	ÍSLAND
<i>Lífslíkur við fæðingu</i> (ár)	40,6	78,9
<i>Ungbarnadauði</i> af 1000 lifandi fæddum	127	5
<i>Barnadauði undir 5 ára aldri</i> af 1000 lifandi fæddum	203	5
<i>Mæðradauði</i> (af 100.000 fæðingum, lifandi fæddum)	1100	–
<i>Vannæring barna undir 5 ára (%)</i>	26	–
<i>Einstaklingar með</i> <i>alnæmi/alnæmissýkingu (%)</i>	16	0.14
<i>Aðgangur að hreinu vatni (%)</i>	60	–



# Óhefðbundnar lækningar

Óhefðbundnar lækningar eru mikið stundaðar í Mósambík og þar kallast þær hefðbundnar lækningar. Á Íslandi eru slíkar lækningar oft kallaðar skottulækningar og/eða grasalækningar. Í Mósambík njóta grasalækna og andalækna mikillar virðingar og eru eftirsóttir. Þeir leysa ekki aðeins líkamleg vandamál fólks með grösum og seiðum heldur veita þeir ekki síður ráðgjöf í vanda sem er af félagslegum og sálrænum toga. Þessum læknum er yfirleitt greitt fyrir viðvikid með mat og gjöfum fremur en reiðufé. Oft er greiðsla háð árangri meðferðarinnar. Margir leita bæði til grasalækna og/eða andalækna og lækna á heilsugæslustöðinni þegar þeir verða veikir. Í sumum afskekktum héruðum landsins eru þeir einu læknaþeir sem fólk getur leitað til vegna sjúkleika.

Óhefðbundnar lækningar eiga sér rætur í fornum trúarbrögðum landsmanna. Andalæknaþeir eru nokkurs konar miðlar, ekki ólíkt miðlum á Íslandi. Þeir eru í sambandi við anda hinna framlíðnu og geta spáð um óoröna atburði. Margir grasalækna búa yfir þekkingu á meðferð sjúkdóma og verkun grasalyfja sem starfsbræður þeirra í lækna-stétt sýna áhuga og viðurkenna þó sumt af vísindum þeirra séu talin hindurvítni í ljósi nútímalæknafræði.

Galdralækningar eru einnig stundaðar en þær eru ósýnilegrí og almennt fordæmdar. Galdralækna búa yfir þekkingu sem á að geta skaðað aðra eða breytt lífi manna með gjörningum. Menn leita til þeirra þegar þeir vilja koma fram hefndum á óvinum sínum eða hafa áhrif á líf sitt á vafasaman hátt, t.d. til að fá betra starf eða ryðja úr vegi eiginmanni ástkona sinnar svo eitthvað sé nefnt. Almennt er talið að tilfinningar eins og ófundsyki



og afbrýðiseini reki menn á vit galdramanna.

Þegar landið hlaut sjálfstæði fordæmdi stjórni hins nýja ríkis óhefðbundnar lækningar. Í dag er viðhorf yfirvalda mun mild-

ara í þeirra garð. Landssamtök grasa- og andalækna hafa verið stofnuð og eiga þau fulltrúa í öllum héruðum landsins.

Þekking á óhefðbundnum lækningum gefur mönnum mikil völd í samfélaginu.

til umráða. Fátækt er sérstaklega útbreidd í sveitum landsins. Til sveita voru þeir sem þar teljast vera ríkir oft fátækari en þeir fátækustu í borgunum, bæði þegar metið er í tekjum og þegar tillit er tekið til aðgengis að heilsugæslu, skólum, vatni og mannsæmandi húsnæði. Haft er eftir fyrrverandi fjármálaráðherra Mósambíks að fólk til sveita þurfi að ganga að meðaltali 46 km til að leita læknis, 66 km til að komast í næsta framhaldsskóla og 48 km til að komast í síma. Fátæktin var sárust í norðurhluta landsins þar sem stríðið hafði valdið mestum skaða. Þó að hætta á hungursneyð sé ekki lengur bráð er staðan enn þá ótrygg þar sem bændur ná ekki að safna forða til að mæta erfiðum árum. Um leið og ein uppskera bregst, t.d. vegna þurrka eða þegar flóð dýnja yfir, er hætta á matarskortri yfirvofandi.

Í borgunum er einnig mikil fátækt. Sú samfélagslega trygging, sem fólst í ákveðnum skammti af niðurgreiddum matvörum, sem öllum var veittur á tímum miðstýrðs hagkerfis, er ekki lengur til staðar. Lögbundin lágmarkslaun eru 30 dollarar á mánuði en mörg fyrirtæki borga ekki einu sinni þessi lágmarkslaun. Laun eru stundum borguð seint og sum fyrirtæki greiða ekki launatengd gjöld til Tryggingarfélags ríkisins.

Stjórnvöld hafa nýlega lagt fram áform um hvernig berjast skuli gegn fátækinni. Ráðstafanir til að léttja skuldabyrðina hafa borið árangur. Áhersla er lögð á almennan hagvöxt og að draga sveitasamfélögin inn í hagkerfi landsins og fjölga þar atvinnutækifærum. Stjórnvöld telja tæknivæðingu landbúnaðarins mikilvæga til að auka framleiðnina. Að auki hafa fjárveitingar til menntunar, heilsugæslu, vatns og hreinlætismála forgang.

## Menntun

Á sl. ári var fjöldi skóla í Mósambík sá sami og fyrir borgarastríðið og fjöldi nemenda í 1. til 5. bekk u.þ.b. 2 milljónir eða meiri en nokkru sinni í sögu landsins. Stúlkur eru aðeins 45% af heildarfjölda nemenda í 1. bekk en hlutfall þeirra fer lækkandi þegar ofar dregur í skólakerfinu. Aðeins 33% þeirra

## Læsi í Mósambík

Læsi fullorðinna (%):	43,2
Læsi ungs fólks 15–24 ára (%):	59,5



nemenda, sem stunda nám sem samsvarar efstu bekkjum grunnskólans á Íslandi, eru stúlkur. Rúmlega 60% þjóðarinnar eru ólæs og óskrifandi, þar af eru 77% meðal kvenna og 42% meðal karla. Þá hefur æska sveitanna mun verri aðgang að skólum en borgarborn og á það sérstaklega við framhaldsskóla. Aðeins 0,6% stúlkna og 1,4% drengja til sveita fá menntun á skólastigum sem samsvara efri bekkjum grunnskóla (8.–10. bekk) á Íslandi miðað við 8,2% stúlkna og 16,4% drengja í borgum.



## *Alnæmi*

Það er mat Hagstofu Mósambíks að um 1,4 milljónir landsmanna séu smitaðir af HIV-veirunni, eða um 16% þess hluta þjóðarinnar sem náð hefur fullorðinsaldri. Þetta þýðir að Mósambík er sjöunda verst setta land heims að því er tekur til alnæmis. Útbreiðsla alnæmis er mest í sunnanverðri Afríku. Í Simbabve mun um fjórðungur fullorðinna vera smitaður og grannlöndin Botsvana, Namibía, Sambía, Svasíland, Malaví og Suður-Afríka eru einnig illa stödd.

Aætlað er að um 100 þúsund manns í Mósambík muni sýkjast af alnæmi árlega á næstu árum og að allt að 150 þúsund manns muni veikjast af alnæmi árið 2010. Talið er að flestir þeirra sem sýkjast muni deyja vegna sjúkdómsins. Hagstofa Mósambíks telur að alnæmi muni lækka meðallíflíkur þjóðarinnar um 15 ár. Samkvæmt manntalsskráningu árið 1997 hafði verið reiknað með að meðallíflíkur, sem voru þá 42,3 ár, myndu hækka í 50,3 ár árið 2010, en vegna alnæmis er nú reiknað með að meðallíflíkur verði þá aðeins 35,9 ár.

# Þróunarsamvinna

Mikilvægustu stofnanirnar og löndin, sem veita Mósambík þróunaraðstoð og hagstæðar lánveitingar, eru Alþjóðabankinn, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Evrópubandalagið, Bandaríkin, Norðurlöndin, Holland og Bretland. Aðstoð þessi er oftast veitt með ákveðnum skilyrðum sem ganga út á að auka einkavæðingu og frjálsa markaðssetningu. Ef Alþjóðabankinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn telja að viðkomandi land hafi ekki uppfyllt tilsett skilyrði eru aðstoð og lánveitingar stöðvaðar. Fylgja þá stundum önnur lönd í kjölfarið og hætta einnig að veita aðstoð. Deilur hafa t.d. risið vegna ákvarðana um lágmarkslaun og vegna skilyrða um afnám verndartolla á óunnum kasúhnetum.

## *ÞSSÍ í Mósambík*

Í ágúst árið 1996 var undirritaður samningur um þróunarsamvinnu milli Íslands og Mósambíks. Fyrsta verkefnið hófst snemma árs 1996 en um var að ræða aðstoð til að auka hlut ísfisks hjá dagróðrabátum og bæta vinnslu fiskis í landi. Rannsóknarskipið Fengur var m.a. framlag ÞSSÍ til þessa samstarfsverkefnis.

Verkefni um gæðamál mósambíksks fiskiðnaðar hófst í ársbyrjun 1997 en þá kom íslenskur ráðgjafi til starfa hjá fiskimálastjórn Mósambíks. Jafnframt var hafist handa við undirbúning að byggingu rannsóknarstofu fiskiðnaðar í höfuðborginni Mapútó og vinnu við innréttingu útibús í Inhambane-héraði. Rannsóknarstofan er að taka til starfa og þjálfun starfsfólks á vegum ÞSSÍ að hefjast. Annar ráðgjafi tók til starfa í ágúst 2000 innan sjávarútvegsráðuneytisins. ÞSSÍ styður einnig fræðslumiðstöð fiskiðnaðarins en hún heyrir undir sjávarútvegsráðuneytið.

Samstarf við Rauða kross Íslands og



Rauða kross Mósambíks um byggingu heilsugæslustöðvar í Mapútó-héraði hófst árið 1999. Vegna flóðanna, sem gengu yfir landið í byrjun árs 2000, urðu miklar tafir á verkefninu. Um mitt ár 2000 var ráðinn íslenskur ráðgjafi í félags- og kvennamálaráðuneyti Mósambíks. Eitt helsta verkefni ráðgjafans er að byggja upp innra starf ráðuneytisins sem lýtur að stjórnun og skipulagningu. Auk þess hefur ýmis búnaður verið keyptur í ráðuneytið og starfsmönnum veittir styrkir til þátttöku í námskeiðum. Af öðrum félagslegum verkefnum í Mósambík má fyrst telja stuðning ÞSSÍ við samtökin, AVIMAS, sem er samtök ekkna og einstæðra mæðra í Mapútó. Meginmarkmið samtakanna er að koma á fót sterkri fullorðinsfræðslumiðstöð sem aðstoðar einstæðar mæður og ekkjur til að afla sér þekkingar fyrir vinnumarkaðinn eða til að stofna eigin fyrirtæki.

Arco Iris, eða regnbogasamtökin eins og þau nefnast á íslensku, er ungmennafélag sjálfboðaliða í einu fátækrarhverfi Mapútóborgar. ÞSSÍ hefur aðstoðað samtökin við að byggja athvarf, búa það tölvum og húsgögnum og styrkja þar námskeið auk þess að veita félagsmönnum námsstyrki. ÞSSÍ styrkir einnig samskipti milli Menntaskólans á Akureyri og menntaskóla í Mapútó en það er angi af verkefni sem Alþjóðabankinn kom á laggirnar. Markmið þessa verkefnis, sem nefnist „Skólar á vefnum“, er að stuðla að tölvuvæðingu í skólum þróunarlanda og koma á tölvusamskiptum milli landa og heimshluta.

ÞSSÍ veitti mikla aðstoð vegna flóðanna á árinu 2000. Um 500 þúsund bandaríkjadollara var veitt til kaupa á veiðarfærum og öðrum búnaði sem hafði glatast í flóðunum. Fengur var einnig notaður til flutninga á hjálpargögnum.

Fyrsta sendiráð Íslands í Afríku var opnað í Mapútó á árinu 2001. Dr. Björn Dagbjartsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri ÞSSÍ, var skipaður sendiherra í Mósambík og fleiri löndum í sunnanverðri Afríku.



# Íslendingar í Mósambík

Fyrir daga Þróunarsamvinnustofnunar Íslands í Mósambík fer fáum sögum af Íslendingum í landinu. Samstarf Íslands við Mósambík hófst árið 1996 og frá þeim tíma hafa starfmenn ÞSSÍ verið sjö og tólf í allt þegar aðstandendur eru taldir með.

Þróunarsamvinnustofnun vinnur að tvíhliða samstarfi Íslands við þróunarlönd og helsta markmið stofnunarinnar er að hjálpa fólki til sjálfsbjargar, einkum með því að miðla þekkingu og verkunnáttu. Því hefur aðalstarfsaðferð stofnunarinnar verið að senda íslenska ráðgjafa til samstarfslandanna, sem hafa sérþekkingu á ákveðnum sviðum, til að veita ráðgjög og þjálfun. Starfsmenn stofnunarinnar og fjölskyldur þeirra hafa átt stóran þátt í að skapa vinnu- og menningartengsl á milli Íslands og samstarfslandanna. Má þar nefna að fyrir tilstuðlan ÞSSÍ og starfsmanns stofnunarinnar í Mósambík tóku þrjú mósambískir listamenn þátt í Listahátíð í Reykjavík 1998 og nefndist sýning þeirra „Hlið sunnanvindsins“.

Einn af fyrstu starfsmönnum ÞSSÍ í Mósambík var Ágústa Gísladóttir matvælafræðingur en í upphafi árs 1997 flutti hún til höfuðborgarinnar Maputo með Þórunni dóttur sinni sem þá var 15 ára gömul. Mæðgurnar komu frá hafnarbænum Walvis Bay í Namibíu þar sem Ágústa hafði starfað á vegum ÞSSÍ í tæp tvö ár.

Mósambík er land mikilla andstæðna. Í Maputo býr stór hópur útlendinga sem starfar hjá alþjóðlegum stofnunum eða erlendum fyrirtækjum. Þessi hópur heldur gjarnan saman og aðlagast ekki nema að litlu leyti mósambísku samfélagi. Ástæðurnar eru margar og má nefna að oft dvelja hinir erlendu starfsmenn aðeins í skamman tíma í landinu, mikill

munur er á efnahagsstöðu þeirra og landsmanna, og síðast en ekki síst standa ólík lífsgildi og menning í vegi fyrir nánnum kynnum.

Þrátt fyrir það hafa Íslendingarnir í Mósambík notið dvalarinnar og náð góðu sambandi við mósambíska samstarfsmenn sína.

Þórunn dóttir Ágústu gekk í alþjóðlegan skóla í Maputo og kynntist fjölda ungs fólks af ýmsu þjóðerni. Hún var svo gæfusóm að kynnast mósambískum unglingum og það sem kom henni mest á óvart var hve þeir voru opnir og jákvæðir.

Þórunn varð heldur ekki vör við stéttaskiptingu eða kynþáttamismunun. Þessi reynsla var andstæð því sem hún upplifði í Namibíu þar sem aðskilnaðarstefnan hefur enn áhrif á samskipti fólks af ólíku þjóðerni þó tími aðskilnaðarstefnunnar sé liðinn. „Að

vera unglingur í Mósambík er ævintýri, þar er alltaf tími til að vera saman og gera eitthvað skemmtilegt“, segir Þórunn. Vissulega er mikill munur á kjörum fólks en kunningjar hennar og vinir voru nægju-samir og ánægðir með það litla sem þeir höfðu.

Eftir heimkomuna til Íslands dvaldi hugur hennar oft í Mósambík og íslenskir vinir hennar urðu stundum þreyttir á sögunum frá Afríku. Þórunn er ákveðin í að leggja stund á nám sem myndi nytast henni í starfi í Afríku.

Foreldrar, sem hafa áhuga og möguleika á að starfa í þróunarlöndum, velta því oft fyrir sér hvort það sé börnunum farsælt að flytja á milli menningarheima á viðkvæmum aldri. Þórunn vill segja þeim að þetta hafi verið ómetanleg lífsreynsla sem gaf henni tækifæri til að sjá lífið frá mörgum sjónarhornum og meta lífsgildi sem hún hefði annars aldrei kynnst. „Maður græðir bara“, segir Þórunn.



# Helstu heimildir

- Africana. The Encyclopedia of the African and African American Experience. Kwame Anthony Appiah og Henry Louse Gates, Jr.
- Danida. Landestrategi for Mozambique, 2000–2004. Strategi for dansk udviklingssamarbejde med Mozambique. Udenrigesministeriet, Danida. Maj 2000.
- The Economic Intelligence Unit. Country Report: Mozambique Malawi. April 2001. London, U.K.: Economic Intelligence Unit. 1999.
- Fauvet, Paul. Mozambique: growth with poverty. Africa Recovery, October 2000, 12–19.
- Human Development Report 2001. UNDP (United Nations Development Programme). New York: Oxford University Press
- Karlsson, Lena (ritstj.). Mocambique/Malawi. Í ritróðinni Ländur í fickformat nr. 207. Stockholm, Sverige: Utrikespolitiska Institutet. 1995.
- Michler, Ian. This is Mozambique. London: New Holland Publishers. 1999
- Mozambique. Human Rights Developments. World Report 2000. Human Rights Watch.
- Svarre, Karin-Liss. Mozambique. En politisk og økonomisk oversikt. Udenrigesministeriet, Danida. 1996.
- World Bank. African Development Indicators 2001. Washington, D.C. 2001.

Þetta rit er þriðja í röð smárita Þróunarsamvinnustofnunar Íslands um þróunarmál sem ætluð eru almenningi og skólafólki.

Í ritinu er í stuttu máli fjallað um land og þjóð, sögu, helstu atvinnuvegi og þjóðfélagsmál í Mósambík.

Leitast er við að varpa ljósi á lífshætti og aðstæður fólks í þessu landi sem á annan áratug var leiksoppur borgarastyrjaldar. Einnig er gefið stutt yfirlit yfir þróunarsamstarf Íslands og Mósambíks.



*Þróunarsamvinnustofnun Íslands,  
Pósthólf 5330, 125 Reykjavík  
Sími: 545 8980  
Netfang: [iceida@utn.stjr.is](mailto:iceida@utn.stjr.is)*